

32. Reátegui, Jorge Fernando Villafuerte, leiðsögumaður í Reykjavík, f. 27. júní 1965 í Perú.
33. Rocha, Maria Ramos, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. febrúar 1966 á Grænhöfðaejnum.
34. Russo, Rosario, rafvirki í Reykjavík, f. 18. febrúar 1952 á Ítalíu.
35. Saddouq, Said, verkamaður í Reykjavík, f. 15. ágúst 1962 í Marokkó.
36. Seba, Djamel, verkamaður í Reykjavík, f. 22. september 1964 í Alsír.
37. Snarska, Maria, verkakona á Fáskrúðsfirði, f. 19. apríl 1956 í Póllandi.
38. Tittor, Sanun, verkakona í Hafnarfirði, f. 4. febrúar 1956 á Tælandi.
39. Velasco, Marcelina D., yfirþerna í Hafnarfirði, f. 24. febrúar 1955 á Filippseyjum.
40. Wen, Xu, nemi í Kópavogi, f. 19. ágúst 1968 í Kína.
41. West, Samuel Erik, tæknimaður í Reykjavík, f. 2. febrúar 1974 í Noregi.
42. Wiggs, Aritta Kay, skólastjóri á Hellissandi, f. 8. ágúst 1941 í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.
43. Xiaoyi, Cheng, viðskiptafræðingur í Reykjavík, f. 1. nóvember 1963 í Kína.
44. Yeoman, John William, rannsóknarmaður í Reykjavík, f. 15. apríl 1963 í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.
45. Youyi, Xiang, matvælafræðingur í Reykjavík, f. 28. október 1962 í Kína.
46. Zanoria, Chyris Gay Villaespin, húsmóðir á Ísafirði, f. 20. desember 1967 á Filippseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn, ásamt því sem hann ber fyrir, er börn hans taka sem kenninafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu og kenninafni að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Porsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 53 16. maí 1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsliður 6. gr. fellur brott.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að höfðu samráði við sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, hvaða upplýsingar skylt er að láta fylgja vörum sem lög þessi ná yfir. Enn fremur skal kveðið á um merkingar eða staðla yfir einstaka vöruflokka sem henti einstökum búfjártegundum.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Taka skal sýni til rannsókna eins oft og þurfa þykir og skal eftirlitsaðili hafa aðgang að eftirlitsskyldum vörum hvar og hvenær sem hann óskar þess. Um framkvæmd sýnatöku skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

4. gr.

15. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins „Áburðarverksmiðjan“ í 19. gr. laganna kemur: seljandi áburðar.

6. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við setningu reglugerðar skv. 1. mgr. skal tekið tillit til raunverulegs kostnaðar af framkvæmd eftirlits með söluaðila og hverri vörutegund fyrir sig.

7. gr.

Í stað skammstafananna FR, ÁR og SR í lögunum í 13., 16., 17., 18., 20. og 22. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): eftirlitsaðili. Í stað orðsins „áburðareftirlitinu“ kemur í 19. gr. orðið: eftirlitsaðila.

Í stað orðsins „eftirlitsdeildar“ í 1. málsl. 6. gr. laganna kemur: eftirlitsaðila, og í stað orðanna „eftirlitsdeild“ og „eftirlitsdeildinni“ í 10. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): eftirlitsaðili.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.